

**Þriðji stjórnarfundur Félags um menntarannsóknir  
haldinn í húsnæði RKHÍ  
22. ágúst 2002 kl. 16:00**

*Mættir:* Allyson Macdonald formaður, Júlíus K. Björnsson gjaldkeri, og Börkur Hansen meðstjórnandi. Gretar L. Marinósson boðaði forföll.

1. *Fundargerð síðasta fundar.* Samþykkt án athugasemda.
2. *Viðbótarupplýsingar vegna fundargerðar.* Formaður dreifði félagaskrá sem hefur verið tekin saman með heimilsfangi, símanúmeri og netfangi fyrir hvern og einn.
3. *Skýrsla formanns.* Formaður greindi frá því að vinna við gerð heimasíðu væri í fullum gangi. Smávægilegir tæknilegir örðugleikar hefðu komið upp í því sambandi en verið væri að vinna að lausn þeirra.
4. *Félagið – merki, heimasíða og fl.* (1) Formaður gerði grein fyrir samskiptum við Nönnu Reykdal en hún var fengin til að ganga frá hönnun merkis og bréfsefnis fyrir félagið. Tillögur komu fram á fundinum um bréfsefnið og var formanni falið að koma þeim til skila. (2) Rætt var um að færa heimasíðu félagsins og reyna að fá Ísmennt (þeir sjá um vefsvæði fyrir Námsmatsstofnun) til að til að taka á sig kostnað sem af því hlýst gegn auglýsingu á heimasíðunni. Einnig var rætt um að gildi þess að fá lénið (domain) fum.is. (3) Gjaldkeri greindi frá því að hann myndi leggja inn umsókn til Hagstofunnar vegna kennitölu fyrir félagið og leggja út fyrir því ( kr. 5000.-). Þegar kennitalan er fengin er hægt að ráðast í innheimtu félagsgjalda.
5. *Málstofa 4. október.* Nokkrar umræður urðu um fyrirkomulag málstofunnar. Formaður greindi frá hugmyndum um að tvískipta dagskránni 4. okt. en gert er ráð fyrir að Málþingið hefjist um kl. 13:00; fyrri hlutanum (13:00-15:00) yrði varið til umræðu um FUM og seinni hlutanum um málefni tengd lífsleikni. Haft hefur verið samband við menntamálaráðherra um að koma á málþingið og segja nokkur orð um FUM og hlutverk þess. Formanni var falið að beina markvissum spurningum (þema FUM-hlutans) til ráðherra til að leggja út af ef hann sér sér fært að koma. Sömu spurningar gætu einnig nýtast öðrum sem fengir verða til að vera með innlegg. Rætt var um að auk hlutdeildar ráðherra væri ekki úr vegi að (a) Allyson segði nokkur orð um stöðu menntarannsókna á Íslandi, (b) Júlíus segði nokkur orð um menntarannsóknir og Námsmatsstofnun, (c) Guðrún Geirsdóttir eða Kristín Aðalsteinsdóttir fjölluðu um hlutverk FUM í að efla rannsóknir á sviðinu. Rætt var um að æskilegt væri að hver fyrirlesari hefði einungis 10 mínútur til ráðstöfunar en í lokin gæfist þátttakendum tækifæri til að tjá sig um félagið og markmið þess. Ákveðið að ræða þessa tilhögun nánar á næsta fundi.
6. *Önnur mál.* Ekkert tekið fyrir undir þessum lið.
7. Ákveðið að hafa næsta fund 12. september kl. 16.00 í húsnáynnum RKHÍ.

Fundarritari – Börkur Hansen